



LANDVERND

Umhverfis og samgöngunefnd

Alþingi

Sent á umsagnargátt Alþingis

Reykjavík 27. febrúar 2025

Stjórn vatnamála – lög til að flýta Hvammsvirkjun

Frumvarp frá umhverfis-, orku og loftslagsráðherra um breytingu á raforkulögum og lögum um stjórn vatnamála (flýtimeðferð og breyting á vatnshloti), hefur verið tekið til skoðunar hjá Landvernd og óska samtökin þess að frumvarpið í núverandi mynd verði dregið til baka og unnið aftur seinna og að breyttum forsendum. Landvernd telur að frumvarpinu þurfi að breyta í meginatriðum eins og áður hefur verið rakið í yfirlýsingu náttúruverndarsamtaka. Þótt lögín teljist ekki sérlæg eru þau lögð fram með hraði til þess að flýta framkvæmdum við eina tiltekna virkjun, sem raskar vatnasviði Þjórsár á átta kílómetra svæði.

„Verði frumvarpið að lögum skapast forsendur til að afgreiða umsókn um virkjunarleyfi ásamt heimild til breytinga á vatnshloti Þjórsár með flýtimeðferð. Þannig verður leyst úr þeirri óvissu sem skapast hefur í kjölfar fyrrgreinds héraðsdóms hvað varðar, auk Hvammsvirkjunar, fjölda framkvæmda sem kunna að hafa áhrif á vatnshlot.“

Landvernd leggst alfarið gegn flýtimeðferðum sem skerða hagsmuni almennings og félagasamtaka. Með því yrði til hættulegt fordæmi sem gæti haft áhrif á margar framkvæmdir í framtíðinni.

<https://landvernd.is/hugtakingu-almannaheill-snuid-a-haus/>

Framlagning frumvarpsins er ótímabær vegna þess að það fjallar að hluta um fallinn dóm sem stjórnvöld hafa sjálf áfrýjað til Hæstaréttar. Hæstiréttur hefur nú fallist á að taka málið fyrir, þannig er ljóst að við erum í miðju dómsmáli og inngrip meðan svo stendur á setur lagasetninguna og málið sjálft í einkennilega stöðu. Rétt væri að bíða niðurstöðu Hæstaréttar og breyta ekki lögum í meðförum dómstóla. Sú skoðun náttúruverndarsamtaka hefur verið staðfest í umsögn Bastmeijers, þar sem bent er á frumvarpið sé inngrip sem standist ekki mannréttindasáttmála sem Ísland hefur undirgengist. Sami sérfræðingur telur áhrif Hvammsvirkjunar á lífríki Þjórsár, ekki heldur í samræmi við alþjóðlega náttúruverndarsamninga sem Ísland hefur undirritað.



LANDVERND

Hvammsvirkjun hefur sannarlega verið lengi í undirbúningi, en margt hefur komið upp á þeirri löngu leið sem rennir frekari stoðum undir þá skoðun sem frá upphafi var útbreidd að virkjunin er slæmur kostur og henni fylgja meiri fórnir en hægt er að réttlæta. Hún skerðir vatnsgæði, stefnir laxastofni í hættu, hún skemmir landslag, náttúru og lífríkið á svðinu. Hún hefur nú þegar skemmt samfélag. Málsmeðferð stjórnvalda hefur einnig verið ábótavant í gegnum tíðina og vinnan einkennst af því að þrýsta ætti verkefninu áfram óháð mótrökum og rétti lífríkisins, samfélagsins og náttúrunnar. Landvernd hefur áður skrifað umsagnir um laxastofninn, lífríkið, samfélagið, umhverfismatið og sögu undirbúnings Hvammsvirkjunar almennt og fjallar ekki um málið heild í þessari umsögn. En bendir á meðferð stjórnvalda á stjórnþækinu rammaáætlun sem hefur ekki verið til fyrirmyndar. Eins og þegar Hvammsvirkjun var tekin sérstaklega út úr ferli rammaáætlunar til sérstakrar flýtimeðferðar á Alþingi til að koma henni í nýtingarflokk. Sporin hræða.

Landvernd óskar eftir því að fá að koma fyrir nefndina.

*Fyrir hönd stjórnar
Þorgerður M Þorbjarnardóttir*

Formaður